

Georg Wilhelm Friedrich Hegel 1770-1831

„Margir telja að erfiðast sé að lesa og skilja Hegel af öllum miklum heimspekingum...“
(Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 200.)

„Það er leitun að tyrfnari skrifum – þau hreint og beint fæla lesandann frá sér. Svo tyrfin eru þau að margir afburðaheimspekingar frá Schopenhauer til Russells hafa haldið því fram í einlægni að þau segðu alls ekki neitt, að þau væru ekkert annað en sýndarmennska. Þeir höfðu auðvitað rangt fyrir sér, en það er sumpart Hegel sjálfum að kenna að þeir voru þessarar skoðunar. Maður getur lesið síðu eftir síðu í Hegel, brotið heilann og hugsað: „Hvern fjandann á hann við? Stór hluti textans er svo mikið hrognamál að heimspekinemar lesa upphátt úr honum hver fyrir annan bara til að vekja hlátur.“ (Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 212-213.)

Þýski nítjándu aldar heimspekingurinn, G. Hegel, beitti aðferð þeirri, er kennd er við sögulega hughyggju.

Lögmál um framvindu heimsins (sbr. G. Hegel), þ.e. tiltekið ástand (thesis – „hverfa“) leiðir af sér andstæðu sína (antithesis – „andhverfa“), átök andstæðnanna leið svo til nýrra aðstæðna eða framvinduskeiðs (synthesis – „samhverfa“, „nýhverfa“), sem felur í sér það þroskavænlegasta eða besta frá fyrri átökum. Hegel hugsaði sér í heimspekikerfi sínu, að hér væri um að ræða alheimsanda (absolutes Geist), þ.e. var hlynntur hughyggju, en Karl Marx aftur á móti var hlynntur efnishyggju og skýrði framvinduna á grundvelli þróunar eða breytinga í framleiðsluháttum og eignarhaldi á framleiðslutækjunum.

Þýski nítjándu aldar heimspekingurinn, G. Hegel, beitti aðferð þeirri, er kennd er við sögulega hughyggju, og komst að því, að saga listarinnar hefði þróast úr táknbundinni list (symbolic) með áherslu á byggingarlist (efni ofar innaki), í sígilda list (classic) með áherslu á höggmyndalist (jafnvægi) og lyki raunar með „óskhyggju og angurbliðu“ stefnunni (romantic) í samtíma sínum á nítjándu öldinni. Hann kunngerði andlát listarinnar, lokastiginu í þróun hennar væri náð. (Sjá: geist, spirit)

Alheimsandinn, guðdómurinn, í heimspeki G. Hegels. Hann finnur sér farveg og birtist í sögunni sem fullkomnun, endanleiki. Hegel þótti hann sjá alheimsandann í gervi Napóleons, þegar hann reið hvítum fáki sínum um götur þýsku borgarinnar, Jena, 1804. Frelsið kallaði hann lögmál andans.

Í listinni birtist andinn sem skynbundin ímynd, í trúnni sem hugmynd eða opinberun og í heimspekinni sem hugsun eða hugtök.

Gervöll mannkynssagan lýsir þróun andans til fullkomunar eða endanlegrar raungervingar í þróunarskeiðum. Þróunin er knúin áfram af innra afli (dialectics), þ.e. átök andstæðna, „hverfu“ og andhvefu, á tilteknu skeiði mannkynssöngunnar. Átökin umhverfast eða samhverfast í nýtt og betra skeið. Hið endalega skeið er samtíð Hegels, listin og heimspekin hafa runnið sitt þroskaskeið á enda. Andinn er þar með frjáls, mennirnir frjálsir úr hlekkjum sögunnar. Frelsið raungerist í stofnunum viðkomandi samfélags, hagsmundir þegna og samfélags renna saman, siðmenningin umvefur frelsið, frelsisþráin samrýmst henni.

Hinn fullkomni alheimsandi hreiðrar um sig í ríki og ríkisvaldi og upprætir allar mótsagnir, mótar sameiginlega vilja og vinnur að sameiginlegum hagsmunum. Það er þá einkum hlutverk embættismanna í stjórnsýslunni. Í réttarkerfi og velferðarkerfi gætir alheimsandinn sömu hagsmuna.

G. Hegel tekur undir með hinum forngríska heimspekingi, Pyþagóراسi, að markmið ríkisins sé að koma börnum til manns, gera þau að borgurum í ríki hinna góðu laga.

Andaheimspeki G. Hegels er gjarnan lýst sem hugbundinni heildarhyggju, sögulegri þroskahyggju og jafnvel skynsemishyggju.

Eitt lykilhlutverka í leit og sögulegri afhjúpun þýska nítjándu aldar heimspekingsins, Georg Wilhelm Friedrich Hegel, á hinum sanna, alvitra, fullkomna og guðdómlega alheimsanda, sjálfum guðdómnum í mannkynssögunni.

Alheimsandinn er þrískiptur; hinn huglægi andi (fæst við rök/trú) og hinn hlutbundni andi (fæst við myndgervingu náttúrnar) eru hinar tvær hliðar hans. En eðli alheimsandans er þríeint: Fegurð – birtist í hugtakinu og orðinu – það eru listirnar. Góðindi – birtist sem hugmyndir (Vorstellungen) – það er trúin. Sannleikur – birtist í hugtökum og orðum – það er heimspekin.

Aðferðin er þrátt/þrætubókarlist: gegn tilteknu ástandi (hverfa - thesis) rís andstæða þess (andhverfa - antithesis). Úr baráttu þeirra vex nýtt ástand, sem felur í sér það besta frá hvoru tveggju (samhverfa – synthesis). Framvindan eða þroskinn er svo knúinn áfram með þessum hætti til fullkomunar eða birtingar hin sanna, fullkomna heimsanda. Framvindan í listinni (kunst – sjá art): List sem tákngerving (symbolic), sígilda list við eins konar samruna eða samsömun og að síðustu trúarlist, trúarlegt andríki eða rómantík.

Listin hefur lokið þekkingaröflunar- eða afhjúpunarhlutverki sínu. Hún er samgróinn þáttur hins guðlega, sanna almættis og lýtur skynsemislögmálum hans, er orðin viðfang sjálfrar sín, laus úr viðjum efniviðarins – æðsta stigi er náð. Hin frjálsi listamaður stundar nú listir sjálfum sér og öðrum til skemmtunar og íhugunar á grundvelli skynseminnar.

Hugandinn, hinn hugbundni andi, hugtak í heimspeki Hegels, þ.e. hugsunin sjálf, vitræn starfsemi hugans, reynsla, sjálfsvitund, siðvilji (sittlichkeit).

Saga viljans hefst við eðlislæg eða náttúrleg skilyrði (Willkür), þar sem engar eru fyrirstöður við framrás hans nema hin ytri veröld og viðföng. Í samfélagi er viljinn óhjákvæmilega beygður undir sameiginleg lög og reglur (legalität). Þegar einstaklingurinn er orðinn hluti samfélags skorðast viljinn af samviskunni. Þar með skapast skilyrðin fyrir eiginlegum sjálfsákvörðunarrétti og skynsamlegri sjálfstjórn, hegðun á grundvelli siðviljans.

„Lykilhugtökin í hugsun Hegels eru hugmynd og þróun (hreyfing, breyting). Að dómi Hegels ber að skilja veruleikann sem raungervar hugmyndir. Hugmyndirnar taka á sig raunverulega mynd við þróun samkvæmt þráttarlögmálum.“ – „Hugmyndir Hegels er eingöngu unnt að bera skynbragð á rétt eins og hugmyndir Platons. Hegel ber ekki bríggur á þátt skilningarvitanna í skilningi okkar á raunveruleikanum, en veruleiki þeirra sveipar hulu hinum eiginlega.“ (Annfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 656 – mín þýðing.)

Hegel lætur „að því liggja, að í ljós muni koma að gangur sögunnar endurspegli „skynsamlega“ þróun, að „gangur mála hafi verið skynsamlegur.“ Sagan felst í „nauðsynlegu skynsemdarrölti alheimsandans“ – anda þessa, sem býr yfir óhvikulu eðli, en lætur til sín taka í heimi vorum eins og ásýnd hans er hverju sinni ... [Hann] gegnir nokkurn veginn sama hlutverki og forsjón Guðs og stjórn samkvæmt söguskilningi Ágústínusar. .. Hegel talar raunar um að Guð hans – rétt eins og Guð Spinoza – eigi sér ekki bólstað handan heimsins heldur í honum.“ (Annfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 668 – mín þýðing.)

„Hegel segir; „að heimssagan jafngildi þróunarsögu andans og raunverulegri tilurð; þetta er hin eina trúverðuga guðréttta, þ.e. réttlætning Guðs í sögunni. Einvörðungu þetta innsæi getur skapað samhljóm anda og heimssögunnar og raunveruleikans. Þannig er því nefnilega farið, að það sem gerst hefur og á sér stað dag hvern er engan veginn sneytt Guði, heldur er það hans verk í öllu, er máli skiptir.““ (Annfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 668 – mín þýðing.)

„Þar eð samruni hefur átt sér stað í hugsun anda og hugsun ríkisins, er viska ríkisins miklu æðri visku hver og eins manns. „Maðurinn verður því að virða ríkið sem guðdómur væri á jörðu.““ (Annfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 668 – mín þýðing.)

„Það er heldur ekki að sjá, að „guðdómur“ ríkisins sé líkingamál. Hegel útskýrir: „Ríkið er gangur Guðs í sögunni. Grunnmúr þess að styrkur skynseminnar eins og hún birtist í viljanum. Þegar rýnt er í hugmyndina um ríkið, ber að gæta þess að beina ekki sjónum að tilteknu ríki ellegar ákveðnum stofnunum, heldur skal skoða hugmyndina, Guð sjálfan, í ljósi sjálfrar sín.“ Eða eins og Hegel kemst að orði í inngangi að verki sínu, Heimspeki sögunnar: „Í ríkinu tekur á sig mynd hinnar guðdómlegu hugmyndar eins og raun ber vitni á jörðu.““ (Annfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 668 – mín þýðing.)

„Greinarmunur karls og konu er sá sami og dýrsins og plöntunnar. Dýrið gefur fremur vísbendingu um skaphöfn karlsins, en plantan konunnar, þar eð þroskun hennar felst fremur í rósamri blómgun. Leiðarljósið er grundvallarreglan um hina óákvörðuðu heilsteypu kennd. Ríkinu stendur bráð hættu af stjórn kvenna, þar sem konur bregðast ekki við við kröfum almúgans, heldur skoðunum og tilhneigingum, eftir því sem vindurinn blæs. En konur menntast einnig – óvíst með hvaða hætti – eins og þær andi að sér hugmyndum inn í innstu æðar frekar en að tileinka sér kunnáttu. Aftur á móti eru karlar nauðbeygðir til að strita við nám og beita tæknilegri áreynslu til að öðlast sinn sess.““ (Annfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 672 – mín þýðing.)

„Markmið Hegels var að skapa heimspekikerfi sem næði til allra þátta veruleikans. Enda þótt rit hans séu svo tyrfin að þau séu tæpast skiljanleg hefur Hegel haft geysimikil áhrif, meðal annars fyrir tilstuðlan Marx.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 475)

„Hegel notar orðið andi (Geist) um þá heild sem saga þekkingarinnar og sjálfsvitundarinnar myndar. Andinn táknar í kenningu Hegels bæði hið sammannlega þar sem vitundir mætast og einingu hugsunar og veruleika, hugarheims og hlutveruleika. Þessi eining á sér sífellt stað í sögunni þar sem þekking og sjálfsþekking taka í sífellu á sig nýja mynd. Andinn afhjúpar sjálfan sig í viðureign vitundarinnar við veruleikann og í samvinnu ólíkra vitunda. Hann er

sameiginlegar sjálfsskilningur og reynsla sem ekki veru skilinn frá mönnum heldur birtist í þeim. Hin fullkomna sjálfsvitund sem andinn hefur til að vera er altæk þekking. Þessi heimspekilega skilningur felst í þekkingu á sjálfum sér og engu öðrum. (Þess vegna er lykillinn að skilningi á andanum að líta ekki svo á að hann greini sig frá einhverju öðru, til að mynda náttúrunni.) Andinn er fyrir Hegel æðri regla þar sem saga og mannlíf, starf og staðreynd, sjálfsskilningur og sjálfsreynsla renna saman í eina heild og eitt markmið, sem jafnframt er upphaf og grundvöllur alls veruleika. – Með hugtakinu um andann hefur Hegel bersýnilega hafið sig út fyrir heimspekilegan sjóndeildarhring Kants.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 486.)

„Þegar tvær mannverur standa augliti til auglitis verður togstreita á milli þeirra því að hvor sækist eftir viðurkenningu annarrar. Hvor aðili um sig vill ná yferráðum yfir hinum í þeim skilningi að hann vill öðlast þau tök á hinum að hann geti skilgreint bæði sjálfan sig og hinn.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 487.)

„Af þessu leiðir að frelsi þýðir fyrst og fremst jákvætt frelsi, fyrir Hegel. Frelsi er að skilja samfélagið á grundvelli sögunnar og að gegna hlutverki sínu í þessu samfélagi. Neikvætt frelsi, sem felst í því að vera laus undan valdboðum af hálfu ríkisins, er allt að því óhugsandi vegna þess að „ríkið“ er ekkert annað en maðurinn. „Ríkið“ er mannum ekki framandi og getur ekki beitt hann þvingunum. „Ríkið“ er sú siðræna heild sem sérhver maður er hluti af. Vilji „ríkisins“ og vilji mannsins er þar af eliðandi eitt. Valdbeiting er útilokuð (svo framarlega sem ekkert amar að viðkomandi manni eða ríkinu). (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 491.)

„[...] hugtakið um firringuna. Hér er á ferðinni sú hugmynd að við það að koma á siðmenningu hafi maðurinn skapað alls konar stofnanir, reglur og hugmyndir sem hafi síðar meir farið að verða honum til trafala, þótt þær séu í raun hans eigin uppfinningar. Þær geta jafnvel verið honum algerlega framandi.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Hib, 2002, s. 162.)

„Spyrji maður: „Hvenær í raunverulegri sögu hugmyndanna verður Geist sér meðvitaður um að það er hann sjálfur sem er hinn sanni veruleiki?“, getur svarið einungis orðið: „Þegar heimspeki Hegels kemur fram.“ Hegel er þannig einstakur meðal hinna miklu heimspekinga að því leyti að hann áleit ekki að hlutverk sitt væri einungis að veita okkur lykilinn að skilningi á veruleikanum – það hafa margir heimspekningar gert – heldur leit hann á sjálfan sig sem hápunkt hinnar heimssögulegu framvindu, holdgerving tilgangs veruleikans hvað skilning varðar, holdtekju upplýsingar okkar.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Hib, 2002, s. 161)

„Merking orðsins Geist er miðja vegu milli anda og hugar – það sem átt er við er huglægara en orðið „andi“ og andlegra en orðið „hugar“. Hjá Hegel er Geist það sem tilveran er gerð úr, endanlegt eðli tilverunnar, og hin sögulega framvinda, sem veruleikinn er, er þróun Geist í átt til sjálfsvitundar og sjálfsþekkingar. Þegar þessu endanlega er náð myndar allt sem er til eina samræmda heild. Hegel kallaði þessa sjálfsmeðvituðu einingu alls „hið algilda.“ Og vegna þess að hann áleit að eðli þess sem er til væri óefnislegt kallast heimspeki hans „algild hughyggja“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Hib, 2002, s. 158)

„Þar sem breytingar eru afleiðingar sögulegra afla hefur einstaklingur sem lendir í klóm þeirra engin raunveruleg völd til að stýra straumnum. Fljótið hrífur hann með sér. Meira að segja sköpunarafl einstaklingsins er bundið tíðarandanum [...].“ „Með firringu á Hegel við það að

eitthvað sem í raun er hluti af okkur virðist okkur samt framandi og fjandsamlegt. Bæði í hinum andlega og hinum efnislega heimi (eins og í heimi vitundarinnar) er firringin hvati díalektískra breytinga.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Hib, 2002, s. 159.)

„Með firringu á Hegel við það að eitthvað sem í raun er hluti af okkur virðist okkur samt framandi og fjandsamlegt. Bæði í hinum andlega og hinum efnislega heimi (eins og í heimi vitundarinnar) er firringin hvati díalektískra breytinga.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Hib, 2002, s. 161.)

Hlutandinn, andi hlutanna, hinn hlutbundni andi, hugtak í heimspeki Hegels, ein þriggja tegunda hugsunarháttar, þ.e. þegar andinn eða hugsunin birtist í stofnunum, fjölskyldutilhögun, siðboðum eða siðvenjun o.s.frv. og skapar þannig hinum einstaka þegni inntak lífs og mótartefnu.

Georg Wilhelm Friedrich Hegel birti eigin guðréttu (theodice), „þar sem hann setti í stað lögmáls hinnar einhlítu ástæðu þráttarlögmál hinnar sögulegu nauðsynjar. Áhrifum þeirrar kenningar þarf ekki að lýsa: hún hefur að líkingum dugað betur en nokkur kenning önnur til að innræta mannfólkinu auðsveipni við yfirvöld sín, að vísu jarðnesk fremur en himnesk, því löghyggjunn fylgir þýhyggja.“ (Voltaire. Birtingur (Candide ou l'optimisme). Hið íslenska bókmenntafélag 1996. Inngangur Þorsteins Gylfasonar, s. 24-25.)

„Engum mikilla heimspekinga fyrir daga Hegels hafði virst sagan, eða heimspeki sögunnar, sérlega mikilvæg.“ ((Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 200.)

Peter Singer. „Hann sá að það var þróun í gangi sögunnar – að hún stefndi alltaf fram á við. Hún var alltaf breytingaferli, aldrei kyrrstæða.“ (Peter Singer: Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 201.)

Singer: „Já, endalega er skoðun Hegels sú að veruleikin sé hugur eða andi. Hann er í raun hugrænn eða andlegur. Ferlin sem við höfum verið að tala um henda andann, hugann, eins og hann þróast í sögunni.“ 204

„...að Hegel sé að tala um hug eða anda, og þegar hann notað orðið sem safnheiti um alla einstaka hugi eða anda eins og þeir væru einn hugur eða andi má túlka það svo að það eigi við sameiginlega þáttinn í hugum okkar, sameiginlegan hæfileika okkar til rökhusunar, þá staðreyna þó hugir okkar starfa samkvæmt svipuðum lögmálum. En ég verð að viðurkenna að þótt hægt sé að fara langt með þessa túlkun er í rauninni ekki hægt að gera Hegel hundrað prósent skiljanlegan á þann hátt. Síðustu tíu prósentin byggjast á því að viðurkenna að á bak við það sem hann segir er einhver trúarleg eða hálftrúarleg skoðun á hug eða anda.“ 204-205

„Lokatakmark hins díalektíska ferlis er að andinn öðlist þekkingu á sjálfum sér sem hinsta veruleika og sjái þannig allt sem hann leit á sem framandi og fjandsamlegt sjálfum sér sem í raun og veru hluta af sjálfum sér. Hegel kallar þetta algilda þekkingu. Það er líka algilt frelsi af því að nú er andinn fær um að skipuleggja heiminn skynsamlega, í stað þess að honum sé stjórnað af ytri öflum. Þetta er því aðeins hægt að gera þegar andinn skilur að heimurinn er í raun og veru hann sjálfur. Þá þarf andinn einungis að koma sínu eigin skynsemislögmáli í framkvæmt í heiminum til þess að skipuleggja hann skynsamlega.

Eitt athyglisvert einkenni þessa ferlis stafar af því að hámarkinu er náð þegar andinn skilur í fyrsta sinn að hann er eini endanlegi veruleikinn.

Spyrðu sjálfan þig: Hvenær gerist þetta í raun og veru? Svarið hlýtur að vera að það gerist þegar andi Hegels sjálfs, í eigin heimspekilegri hugsun, skilur þá hugmynd að andinn er allt sem er raunverulegt. Það er því ekki aðeins að Hegel lýsi takmarkinu, ástandi algildrar þekkingar og algilds frelsis sem öll fyrri saga mannsins hafði óafvitandi brotist í áttina til: Heimspeki Hegels er í rauninni sjálft takmark eða hámark alls ferlisins.“ (Peter Singer: Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 206.)

„Sjálþekking verður frelsi vegna þess að fyrir Hegel er andinn grundvallarveruleiki heimsins. Í allri mannkynssögunni á undan þessu mikla augnabliki þegar andinn bera kennsl á sjálfan sig sem grundvallarveruleika heimsins höfum við verið það í leiknum. Við höfum ekki stjórnað söguviðinu vegna þess að hlutir hafa gest án þess að við geðum okkar ljóst eða skildum hvers vegna þeir gerðust. Við gátum ekki stjórnað örlögum okkar vegna þess að við litum á sumar hliðar okkar eigin veruleika sem framandi og fjandsamlega þætti. „Jafnskjótt og við förum að gera okkur grein fyrir að við erum allt í heiminum þá skiljum við ferlið; við höfum náð tökum á lögmálum sögulegrar þróunar, ef svo má segja. Þá sjáum við að þessi lögmál eru raunar lögmál okkar eigin skynsemi, þau eru einmitt lögmál okkar eigin anda og hugsunar.“ (Peter Singer: Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 206-207.)

Magee: „Mér skilst að þetta sé kjarninn í hinni frægu tilvitnun í Hegel sem er á þessa leið: „Hið raunverulega er hið skynsamlega og hið skynsamlega er hið raunverulega.“ 207

„...mætum við þá þeirri hugmynd um skynsemina að veruleikinn feli hana í sér – og það sem meira er, sögulegur veruleiki feli hana í sér. Það virðist ekki hægt að losna við þessa hugmynd hjá Hegel: Allt hverfur ávallt aftur til andans eða hugans og alnándar hans í sögulegu ferli. Ég geri ráð fyrir að þetta sé ástæðan fyrir því að hann er álitinn hinn dæmigerði hughyggjuheimspekingur?“ (Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 207.)

Russel, Bertrand. The problems of philosophy, Oxford Univ. Press, Oxford 1973: „[M]eginhugsun [Hegels] er sú, að augljós brotalöm sé á hverju einu, er standi utan heildarinnar, og eigi sér ekki viðreisnarvon nema tilkomi viðgerð að utan [...]. Hinir aðskiljanlegustu þættir raunveruleikans eru útbúnir eins konar krækjum, sem krækjast í næsta þátt og svo koll af kolli uns heimurinn allur er endurbættur. Þessi grundvallarófullkomleiki birtist að dómi Hegels jafnt í heimi orða sem hluta. Verði okkur í heimi hlutanna á sú yfirsjón að gleyma ófullkomleika sérhverrar sértækrar hugmyndar eða ófullgerðrar, munum við, þegar grannt er skoðað, lenda á bólakafi í mótsögnum. Þegar svo er komið mun hin ófullkoma hugmynd hverfast í andstæðu sínu eða andhverfu. Til að ná aftur áttum verðum við að finna skárri hugmynd hinni síðari; hún verður samhverfa upprunalegu hugmyndarinnar og andhverfu hennar. Enda þótt hin nýja samhverfuhugmynd sé bót fyrstu hugmyndar okkar, munu engu að síður sjást á henni ágallar og sökum þess mun hún einnig andhverfast og kalla á nýja samhverfu. Í hugarheimi Hegels þróast hugmyndirnar stig af stigi uns hin algilda hugmynd lítur dagsins ljós. Hún er samkvæmt honum fullkomin, andhverfist ekki og hefur því náð hátindi þróunarinnar.“ (Russel, Bertrand. The problems of philosophy, Oxford Univ. Press, Oxford 1973 – lauslega snarað af undirrituðum)

Philosophical Disenfranchisement of Art. Columbia Univ. Press, 1986. Rigerð: Hegel's end-of-art thesis. 1999): „Í kenningu sinni um andlát listarinnar fjallar Hegel um, hvernig okkur

verði hlíft við leitinni að skynáreitum sem jafngildi hugsuninni. Hún er orðin máttugri en listin. Listhugsunin stendur í raun réttari að baki hugsunar hugans. Þessi hugsun á heima í heimspekinni.“ (Danto, A.C. The Philosophical Disenfranchisement of Art. Columbia Univ. Press, 1986. Ritgerð: Hegel's end-of-art thesis. 1999.)

Ólafur Gíslason. Með Canova og Thorvaldsen á tímamótum í listasögunni. TMM 1992: 4 (62-69): „Og það var einmitt þetta hugmyndalega í verkum hans, sem Argan telur að hafi haft mótandi áhif meðal annars á hugmyndir þýskra heimspekingsins Hegels um eðli og þýðingu listarinnar; um þann grundvallareðlismun er væri á náttúrulegri og listrænni fegurð og um möguleg endalok listarinnar í því borgarlega samfélagi sem var að mótast á hans tíma. Argan segir:

„Höggmyndalist Thorvaldsens, sem var í kjarna sínum heimspekileg, hafði áreiðanlega meiri áhrif á sögu fagurfræðinnar en sögu höggmyndalistarinnar: höggmyndalist Thorvaldsens var vel þekkt í Þýskalandi á þeim árum þegar Hegel setti fram hugmyndir sínar um fagurfræði í Berlín, og þar sem prófessorinn var vel vakandi yfir því sem gerðist í samtímanum er enginn vafi á því að hann hafði Thorvaldsen í huga þegar hann hélt fram hinni algjöru einingu forms og innihalds og skildi endalega á milli þeirrar fegurðar sem felst í náttúrunni annars vegar og listinni hins vegar.“

„Þannig hefur Argan eftirfarandi tilvitnun eftir Hegel: „Í hárfínnum og skjannahvítum hreinleika sínum jafnt og í litleysi sínu og glæsilegum léttleika fellur marmarinn fullkomlega að markmiðum höggmyndalistarinnar, ekki síst vegna þess hversu fínkornóttur hann er og hversu mjúklega hann endurvarpar birtunni, þar sem hann sýnir hreina yfirburði yfir krítarhvítt gipsið sem er of bjart og gleypir í sig fínni blæbrigði.““

„Grein sína endar Argan með þessum orðum: Og var það ekki einmitt nýklassíkin sem skar í eitt skipti fyrir öll á hugsanleg hefðartengsl á milli siðmenningar fornaldar og nútíma? Ef Thorvaldsen hefur skilið að hugmyndalegt eðli listarinnar var jafnframt markmið hennar, getur þá ekki verið að Hegel og fyrstu boðberar rómantísku stefnunnar, sem fyrstir settu fram kenninguna um mögulegan dauða listarinnar í borgaralegu samfélagi, hafi einmitt öðlast slíkan skilning við það að sjá tímaleysið í myndum hans.““

„.....dregur Danto upp þrjár möglulega forskriftir að skilningi á listasögunni; Í fyrsta lagi.....sem framþróun íanda.... Giorgio Vasari.....gefið var út í Flórens 1568. Þar er gengið út frá því að listin eigi sér línulaga ferli eða þróun frá frumstæðri list til stöðugt nákvæmari eftirlíkingar náttúrunnar..... Önnur.....forskrift.....kenna við ítalska heimspekinginn Benedetto Croce....frá 1902;sem tjáningu tilfinninga..... „Frá sjónarhóli expressjónismans er ekki um neina framþróun að ræða í listinni, því að baki listaverkins stendur óhlutlæg tilfinning sem hefur verið gefið áþreifanlegt form. Lisasagan er því ekki ferli í sjálfu sér, heldur safn einstakra athafna er hafa ekkert innbyrðis samhengi að öðru leyti en því að ákveðnar tilfinningar eru meira áberandi eða meira í tísku á einum tíma en öðrum..... býður upp á fullkomna afstæðishyggju, þars em skorið er á alla sögulega viðmiðun og mælikvarða.....ekki verður lengur hægt að horfa fram á sögulega mikilvæg verk eða tímamót í listasögunni, hún endar í raun í hreinni lágkúru. Afstæðishyggjan gerir spurninguna um framtíð listarinnar óþarfa..... getur söguspeki Hegels komið að liði, segir Danto.....(hún) gengur út frá samfelldri sögulegri framvindu er stefni til stöðugt aukinnar þekkingar. Á vissu söguskeiði mannsins gegnir listin mikilvægu hlutverki í þessari

þekkingaröflun, segir Hegel. Þegar þessari þekkingu hefur verið náð verður listin hins vegar óþörf..... beint samband að ræða á milli eðlis og sögu listarinnar. „Sögunni lýkur með tilkomu sjálfsvitundarinnar eða sjálfþekkingarinnar, listinni lýkur með tilkomu eigin heimspeki.““

„Danto.....líta á listasöguna sem eins konar þroksasögu, mótunarsögu anns sem endar með því að hann öðlast skilning á sjálfum sér eða fulla sjálfsvitund..... grundvöllurinn að hinu mikla heimspekiverki Hegels, Fyrirbærafræði andans, þar sem söguhetjan er svokallaður alheimsandi, er gengur í gegnum ólík þroskastig til sjálfþekkingar. Endanlegt markmið heimsandans er samkvæmt söguspeki Hegels að öðlast vald á heimspekinni, og á sama hátt sér hann sögu heimspekinnar sem sögu er stefni í átt til sjálfsvitundar. Sem í þessu tilfalli er vitundin um heimspekikerfi Hegels sjálfs.....sögulegt hlutverk listarinnar það að skapa hreina listheimspeki.“

„.....enn ein tímamótin runnin upp í listasögunni: móderisminn hefur öðlast endanlegan skilning á sjálfum sér og listasagan í skilningi Hegels hefur þar með runnið ákveðið skeið á enda.....með orðum Hegels sjálfs: „Fyrir okkur heyrir listin fortíðinni til, (.....) Hvað varðar mikilvægustu möguleika sína þá hefur listin glatað sannleiksgildi sínu og lífi, hún hefur frekar flutt sig um set yfir á svið hugmyndanna og megnar ekki að halda sinni fyrri stöðu sem lífsnauðsyn í hásæti raunveruleikans, (.....) Listin boðar okkur að íhuga hana innra með okkur....til þess að sannreyna eðli hennar með vísindalegum hætti“.(tilvitnun Danto: End of Art)

Gunnar Dal. Saga heimspekinnar. Lafleur, Rvk. 2006: „Þegar heimspekingurinn [Hegel]sérsjálfan keisarann Napóleon ríða hvítum fáki sínum um borgina, sannfærðist hann enn betur um....sjálf birting heimsandans, já, sjálfur „heimsandinn á hestbaki.““ (s. 711)

„Hegel kvæntist. Nær enginn hinna meiri heimspekinga 17. og 18. aldar, Descartes, Spinoza, (s. 715) Leibnitz, Hume og Kant, höfðu þorað að hætta heimspeki sinni í slíkt návígi við veruleikann.“ (s. 716)

„Eitt sinn, er Hegel var sagt, að viss kenning hans stangaðist á við vissar staðreyndir, svaraði hann aðeins: „Það er verst fyrir staðreyndirnar.““

„Hegel telur, að hið algera sé ekki aðeins þekkjanlegt, - heldur sé ekki hægt að komast hjá að þekkja það, þar sem eiginleikar hugans séu eiginleikar alheimsins og því ekki nein ástæða til að tala um hið ytra og hið innra sem óskylda heima. Das Ding an sich og das Ding an mich er raunar eitt og hið sama, séð af hinum hæsta sjónarhóli.“ (s. 717)

„...aðferð náttúrunnar sjálfrar, með aðferð heimsandans!.....Í þessari þróun eru alltaf þrjú stig. Hið fyrsta (thesis) er einfalt, almennt hugtak. Þetta hugtak á sér andstæðu (antithesis). Í baráttu þessara andstæða myndast þriðja hugtakið (synthesis), sem sameinar andstæðurnar og lyfir þeimur leið upp í hærra veldi..... þetta er aðferð sjálfrar framvindunnar.“ (s. 719)

„Heimsandinn er logos, vitsmunir hans „logik.“ Hinn sanni Logos og hin sanna „logik“ eru eitt.....hinn lifandi andi, Logos,.....er öll tilveran.....Hið ytra er hið innra. Andinn er efnið. Guð er alheimurinn, sem í heild sinni samræmir allar andstæður.....

Sá heimur er honum [Hegel] verulegur og sannur, þar sem hið ytra er hið innra og veröldin er Guð.“ (s. 721)

„.....heimsandinn. Í lokaþætti birtist hann sjálfur til fulls í hinu þríeina eðli sínu: Eðli hans er fegurð. Sú fegurð birtist í list, söng og ljóði. Um það fjallar saga listarinnar. Eðli hans er hið góða. Það eðli birtist í líki trúarinnar. Um það fjallar trúarbragðasagan. Eðli hans er (s. 723) hið sanna. Það birtist í líki heimspekinnar. Um það fjallar saga hennar.“ (s. 724)

„Heimsandinn birtist sem fegurð, góðleiki og sannleiki.“ (s. 725)

„Í hinum sanna skáldskap birtist öll saga mannsins og eðli náttúrnar, hinn ytri og innri heimur.“ (s. 726)

„Eins og Guð fegurðarinnar birtist í listunum, eins birtist Guð hamingjunnar og góðleikans í trúnni. Hinn skapandi listamaður, sem finnur guðdóminn í list sinni á sínum bestu stundum, öðlast trú á þennan guðdóm. Þannig er listin systir trúarinnar.“ (s. 726)

„.....eins birtist Guð sannleikans í hinni sönnu heimspeki.....“

Hinn algeri logos verður hinn algeri hugur, þegar hinu efsta þróunarstigi er náð. Að því marki stefnir öll saga heimspekinnar. Þar er um sömu þróun að ræða og í sögu listanna og trúarinnar.....Þar birtist hin algera vitund í heimspekingnum, sem veit, að hann þekkir sjálfan sig. Hegel leit á sitt heimspekikerfi sem efsta þekið í hallartröppu sannleikans.....

.....að allt stefni til fullkomunar og að Guð fullkomunarinnar sé að skapa manninn í sinni mynd.“ (s. 727)

dagbók Hegels má lesa: „Ég barði keisarann augum, þessa heimssál, er hann reið út úr bænum til að kanna stöðu mála; það er sannast sagna stórkostlega tilfinning, að slíkan einstakling skuli bera fyrir augu hér á þessum staði, heilan og óskiptan á einmitt þessum bletti, þegar hann á hestbaki heldur heiminum í greip sinni og drottnar yfir honum.“ (Koppang, O. „G.W.F. Hegel.“ Skard, E. og A.H. Winsnes (ritstj.). Vestens tenkere fra antikken til våre dager. Aschehoug, Oslo 1962, s. 190-206.)

„Heimspeki Hegels var – engan veginn af ástæðlausu – túlkuð sem réttlætning hins prússneska ríkis, þar sem hann sá raungervingu „hin algilda anda.“ – Heimspeki Hegels er af helstu sagnariturum heimspekinnar talin æðsta stig heimspekilegrar hughyggju. Frummyndakenning af toga Platons hefur samhverfst kerfi hans [...].“ (Koppang, O. „G.W.F. Hegel.“ Skard, E. og A.H. Winsnes (ritstj.). Vestens tenkere fra antikken til våre dager. Aschehoug, Oslo 1962, s. 190-206 – mín þýðing.)

„Í meðförum Hegels er rökfræðin annað og meira en beiting röktæknilegrar flokkunar; rökfræðinni er ekki beitt sem aðferð. Hún er öðlast gildi gertæktrar lífsreynslu. Hegel heldur því meira að segja fram, að hún varpi ljósi á Guð í heimssögunni. ... [Þ]annig umhverfist rökfræðin, þegar öllu er á botninn hvolft, í frumspeki.“ (Koppang, O. „G.W.F. Hegel.“ Skard, E. og A.H. Winsnes (ritstj.). Vestens tenkere fra antikken til våre dager. Aschehoug, Oslo 1962, s. 190-206 – mín þýðing.)

„Hinn nýi heimsandi er sá germanski. Fyrir honum liggur að raungera hinn algilda sannleik sem flest í ótakmörkuðum sjálfsákvörðunarrétti til frjálsræðis. Í frelsi þessu sameinast inntak

og endanlegt fyrirkomulag.“ (Koppang, O. „G.W.F. Hegel.“ Skard, E. og A.H. Winsnes (ritstj.). Vestens tenkere fra antikken til våre dager. Aschehoug, Oslo 1962, s. 190-206 – mín þýðing.)

„Í fyrirlestrum Hegels um trú og trúarbrögð má greina ákveðna andúð á gyðinglegum trúarskilningi og lífsýn. ... Í grundvallarskrifum sínum um trúarbrögð leggur Hegel sterka áherslu á, að trú skuli standa jafnfætis bæði heimspeki og list, þegar hina æðstu visku ber á góma. Trúin birtist í hugsýn (Vorstellung), heimspekin í hugtakinu og listin í verkinu. (Koppang, O. „G.W.F. Hegel.“ Skard, E. og A.H. Winsnes (ritstj.). Vestens tenkere fra antikken til våre dager. Aschehoug, Oslo 1962, s. 190-206 – mín þýðing.)

„Hegel varpar ljóma á ríki og stríð. „Ríkið er andinn í veröldinni og það er ásetningur ríkisins að raungerast í honum. Einungis í ríkinu er andinn meðvitaður um sjálfan sig sem hlutvera. Það er heimsganga Guðs sem skýrir tilvist ríkisins. Grundvöllur ríkisins er sá skynsemismáttur, er birtist sem í líki vilja.““ (Koppang, O. „G.W.F. Hegel.“ Skard, E. og A.H. Winsnes (ritstj.). Vestens tenkere fra antikken til våre dager. Aschehoug, Oslo 1962, s. 190-206 – mín þýðing.)